

Aðalfundur LÍ 8. og 9. nóvember 2018

Ávarp formanns LÍ við setningu aðalfundar LÍ 2018

Heilbrigðisráðherra Svandís Svavarsdóttir velcomin á okkar fund, ágætu kollegar og aðalfundarfulltrúar.

Ég býð ykkur öll velcomin á aðalfund Læknafélags Íslands á 100 ára afmæli félagsins. LÍ var stofnað 14. janúar 1918 og í upphafi árs fögnuðum við þeim tímamótum með afmælissamkomu undir heitinu **Læknar og umhverfi**.

En allt árið höfum við minnst þessara tímamóta með ýmsum hætti og gert sögu félagsins okkar skil. Á þessum aðalfundi gerum við það einnig og horfum til framtíðar með umfjöllun um fyrirbyggjandi drög að stefnumörkun í heilbrigðismálum til ársins 2030. Jafnframt munum við í kvöld heiðra fjóra félag okkar fyrir ævistörf þeirra og framlag til lækninga á Íslandi.

Læknafélag Íslands er félag allra lækna á Íslandi með um 1400 félagsmenn. Skipulagsbreytingar á félagsforminu og undirbúningur þess að þær taki að fullu gildi að afloknum þessum aðalfundi hefur ekki síður sett sterkan svip á störf félagsins. Breytingar frá eldra fyrirkomulagi svæðafélaga sem grunneininga og aðildarfélaga var barn síns tíma sem kallaði á endurskoðun.

Hið nýja fyrirkomulag sem endurspeglar fageiningar og starfsvettvang lækna má til sanns vegar færa að hafi verið tímabært. Í dag eru aðilarfélögin fjögur. Stærst og elst er LR – Læknafélag Reykjavíkur sem er aðallega vettvangur sjálfstætt starfandi lækna með um 460 meðlimi. Félag almennra lækna með um 340 félagsmenn aðallega úr röðum kandidate og deildarlækna og sérnámslækna, Félag íslenskra heimilislækna með ríflega 200 félagsmenn og loks yngsta félagið sem stofnað var í byrjun þessa árs Félag sjúkrahúslækna, sem í eru aðallega læknar starfandi á opinberum heilbrigðisstofnunum með tæplega 400 meðlimi.

Hlutverk LÍ eru fjölbreytileg en í lögum þess segir að tilgangur félagsins sé

1. Að efla hag og sóma hinnar íslensku læknastéttar og auka kynni og stéttarþroska félagsmanna.
2. Að standa vörð um sjálfstæði læknastéttarinnar og gæta hagsmuna félagsmanna.
3. Að stuðla að aukinni menntun lækna og glæða áhuga þeirra á því, er að starfi þeirra lýtur.
4. Að efla samvinnu lækna um allt sem horfir til framfara í heilbrigðismálum.
5. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lækna að sameiginlegum hagsmunamálum.
6. Að beita sér fyrir bættu heilsufari landsmanna og vinna að stefnumótun í heilbrigðismálum.

Í nýlegri yfirlýsingu Samtaka evrópskra lækna sem LÍ á aðild að er minnt á hlutverk læknisins og að nákvæm sjúkdómsgreining og samskipti við einstaka sjúklinga sem afleiðing hennar skipta meginmáli í meðferð þeirra og velferð. Í öllum Evrópulöndum eru læknar grunnstoð og uppistaðan í læknis- og annarri heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir að heilbrigðisstofnanir, atvinnurekendur og stuðningsþjónusta beri einnig ábyrgð á því að nægu fjármagni sé veitt til þjónustunnar og rétt skilyrði sköpuð.

Umönnun sem veitt er án þess að til hafi komið sjúkdómsgreining og stofnað hafi verið til viðeigandi meðferðar af hálfu læknis er ógnun við gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu og leiðir til útgjalda án faglegrar undirbyggingar og sóunar á almannafé.

Óvenju sterkir vindar hafa blásið um heilbrigðismál um alllangt skeið og því miður hefur umræða í fjölmiðlum verið neikvæð oft á tíðum. Sama hvar borið hefur niður. Athygli á þessu er vakin í leiðara Magnúsar Haraldssonar lækni í nýjasta tölublaði Læknablaðsins þar sem hann beinir athygli að því þegar erfið mál sjúklinga rata á síður netmiðla og fjölmiðla. Ég leyfi mér að vitna í orð Magnúsar sem kallar fjölmiðlamenn til ábyrgðar og hvetur til nærfærni í umfjöllun þessara mála:

“Öll viljum við geta gengið að því vísu að þjónustan sé góð og að hún sé örugg og aðgengileg öllum sem á henni þurfa að halda. En að sjálfsögðu er ekkert fullkomið í þessum heimi. Því miður er fjölmiðlaumræða um heilbrigðismál oft á afar neikvæðum nótum og orð eins og úrræðaleyfi, niðurskurður, mannekla og fjársveldi eru algeng.”

Ábyrgð okkar heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisyfirvalda er einnig mikil þegar kemur að því hvernig við fjöllum um þjónustuna og heilbrigðiskerfið í heild. Við megum ekki festast inn í neikvæðri umræðuhéð með upphrópunum þegar fjallað er um heilbrigðisþjónustu og þau störf sem þar eru unnin. Vissulega er heilbrigðisþjónustan á Íslandi ekki fullkomin og háð ytri aðstæðum og sviptivindum í samfélaginu og ríkisrekstri, en hún skorar hátt á alla alþjóðlega mælikvarða. Okkar sameiginlega markmið er að taka höndum saman um að tryggja að svo verði áfram. Þegar málaflókkurinn er skoðaður af sanngirni og framlag hvers þjónustuaðila er metið er ávinningur af störfum þeirra og framlag til velferðar þjóðarinnar meira, - mun meira en agnár sem bent hefur verið á.

Ágreiningur um meðferðarnálgun þýðir ekki endilega að um oflækningar sé að ræða. En ábendingar um slíkt þarf að taka til málefnalegar umræðu sem leiðir til niðurstöðu og málalykta. Sama gildir um þrengt aðgengi að lækniþjónustu og skort á viðeigandi úrræðum. Það gerist aðeins með samtali og faglegrri rökræðu og skilgreiningu gæðaviðmiðana. Sama gildir um fíkniefnanotkun og ávana- og áhættu hegðun sem leiðir til misnotkunar hefðbundinna lyfja verður ekki leyst án aðkomu lækna, sama hversu hátt eftirlitsaðilar kalla úlfur, úlfur. Aðkoma lækna að úrlausn slíkra mála er nauðsynleg ef árangur á að nást, en eftir því hefur ekki verið sóst.

Við verðum að leggja af að draga upp neikvæðar svipmyndir af störfum lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna og þeirri þjónustu sem veitt er. Það er mikilvægt að virða hlutverk hvers annars í keðju umönnunar og velferðar sjúklinga, en líka að vera opin fyrir ábendingum og gagnrýni. Fjarlægð er andstæða nándar, skilnings og úrlausna.

Gamalt máltæki segir að þröngt megi sáttir sitja. Ef við ætlum að fleyta heilbrigðiskerfinu framávið og hafa hag sjúklinga í fyrirrúmi, verður að eiga sér stað samtal milli okkar lækna og annarra sem að málaflóknum koma.

Heilbrigðiskerfi hvernar þjóðar krefst stöðugleika, en líka framfara og innbyggðrar aðlögunarhæfni. Það þarf vera gleði í starfslýsingum þeirra sem ráða sig til umönnunarstarfa í heilbrigðiskerfinu.

Varðveitum gleðina í störfum okkar og samskiptum. Höfum hag sjúklinga í fyrirrúmi og varðveitum öflugt heilbrigðiskerfi – grunnstoð velferðar samfélagsins. Siglum beitivind þegar móti blæs og reynum að ná saman landi.

Ég býð heilbrigðisráðherra Svandísi Svavarsdóttur velkomna á okkar fund og að ávarpa samkomuna. Starf ráðherra er annasamt og í dag hefur hún því miður ekki tíma til að taka þátt í umræðum að því loknu. En við væntum þess að hún og eiginmaður hennar heiðri okkur í kvöld.